

Nr. 22-078 S 054 Sturla GK 12***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 2444
IMO 9382669
Útgerð: Þorbjörn hf.
Smíðaður: Noregur, 2007, stál.
Stærð: 486 BT
Mesta lengd: 28,93 m Skráð lengd: 25,69 m
Breidd: 10,39 m Dýpt: 6,59 m
Vél: Yanmar, 514 kW, 2006.
Fjöldi skipverja: 13



Sturla©Jón S Sæmundsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. apríl 2022 var Sturla GK á veiðum út af Reykjanesi. Veður: Sléttur sjór 5 m/s

Skipverjar voru að taka trollið þegar rússinn fór í skrúfuna með þeim afleiðingum að einn þeirra slasaðist á hendi. Siglt var með hinn slasaða í land til aðhlynningar.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipið var að hífa úr festu af 26 faðma dýpi.
- Lengd grandara var 45 faðmar.
- Trollið var enn fast í botni þegar pokinn flaut upp.
- Þegar trollið losnaði og byrjað var að taka það inn fór rússinn í skrúfuna. Á sama tíma var skipverji að lása rússanum í hífingartromlu og var með fingurinn í vargakjafti (lás) sem ryktist úr höndunum á honum.
- Einungis tveir skipverjar voru á þilfarinu við trolltökuna í þetta sinn.
- Vakthafandi skipstjórnarmaður varð var við að rússinn væri að fara í skrúfuna en náði ekki að vara skipverjann við í tæka tíð.
- Skipverjinn fingurbrotnaði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

